

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 14. október 2015
UST201509-208/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Vestfjarðavegur - Bjarkalundur – Skálanes. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 25. September sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun telur að kanna eigi aðra legu leiðar Þ-H milli stöðva 11500 og 14000. Á þessum kafla liggur vegurinn um nes og voga þar sem fara saman skeringar á landi og fyllingar í sjó. Umhverfisstofnun telur að vegur á þessu svæði verði mjög áberandi þar sem litlir möguleikar eru á þessari leið til að fella veginn að landi. Umhverfisstofnun telur að kanna eigi möguleika þess að leggja veginn í jaðri skógarins eins og hann er sýndur með gulri línu á teikningum nr. 2. og 3. Þar sem líklega er að á þeim stað verði unnt að fella veginn betur að landi, fallegri línur verða á veginum og jafnframt gefist þarna auknir möguleikar til að draga úr sjónrænum áhrifum vegarins, m.a. með gróðri og einnig myndi það koma í veg fyrir að farið yrði yfir grunnsævi og fjörur.


Slík lega væri jafnframt í samræmi við greinargerð bls. 20 þar sem gerð er grein fyrir þeim atriðum sem höfð verða að leiðarljósi við hönnun vegarins, en þar segir m.a.:


- Reynt verður að laga veginn að landslagi því að það hefur minni breytingar á útliti lands í för með sér en vegur sem hannaður er án tillits til landforma.
- Miðað er við að vegurinn liggi við jaðra svæða með ólík landslags- eða gróðureinkenni þar sem það er hægt.

Öryggissvæði: Umhverfisstofnun telur að þar sem sérstæð eða falleg fyrirbæri er að finna innan skilgreinds öryggissvæðis verði leitað annarra leiða til að tryggja öryggi en að slétta öryggissvæði, t.d. með því að koma fyrir leiðurum.

Skeringar: Umhverfisstofnun telur að kanna eigi hvort unnt verði að móta skeringar í skóglendi með þeim hætti að unnt verði að græða skeringarnar upp með trjágróðri.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri